



Fréttabréf Hvolsskóla

4. september 2008



Sultað og saftað á miðstiginu!



Í Hvolsskóla er einstaklingurinn í brennidepli

Heil og sæl öll!

Þá er skólastarfið komið á fullt skrið og margt framundan á þessum vetri. Áfram byggjum við starfið á sömu gildum og undanfarin ár, leggjum upp með að nálgast einstaklingana á þeirra forsendum. Á haustfundum verður skólastarfið kynnt á öllum aldursstigum. Við hvetjum foreldra og forráðamenn til að koma á fundina því það er mikill styrkur fyrir skólastarfið að hafa góða tengingu við heimilin og þannig hjálpumst við að við að gera góðan skóla, skóla hinna Íslensku menntaverðlauna, enn betri.

Þessu fréttabréfi er ætlað að minna á og auglýsa nokkra viðburði sem framundan eru sem og segja lítillega frá því sem gerst hefur á síðustu dögum. Við bendum einnig á starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2008-2009 sem komin er á heimasíðuna www.hvolsskoli.is. Starfsáætlun tekur breytingum oft á skólaárinu og biðjum við fólk því að treysta ekki um of á dagsetningar og kíkja reglulega á hana.

◆ Á næstu dögum fer yngsta stigið, 1. -3. bekkur í birkifrætínslu. Nánar verður það kynnt síðar.

◆ Risin er útikennslustofa í Skólaskóginum en hann er úti í Vellinum við enda Njálsgarðis, steinsnar frá skólanum,

◆ Miðstigið, þ.e. 4. - 6. bekkur, tóku náttúrufræði þema í síðustu viku. Unnin voru mörg spennandi verkefni. Meðal annars var farið í berjatínslu og afraksturinn sultaður og saftaður í krukur og krúsir.

Þessi hópur er einnig að fara á föstudaginn, 5. september, í Hallgeirseyjarfjöru. Landgræðslan býður í fræðslu- og frætínsluferð þar sem tínd verða fræ af baunagrasi.

Eins og undanfarin ár fer hópurinn á miðstiginu í réttarferð í Fljótshlíðarréttir þann 16. september.

◆ Í næstu viku verða haustkynningar á öllum stigum:

- Á miðstigi mánudaginn 8. september klukkan 15:30
- Á yngsta stigi þriðjudaginn 9. september klukkan 15:30
- Á elsta stigi miðvikudaginn 10. september klukkan 15:30

Á þessum fundum verður farið yfir hvernig starfi vetrarins verður háttað, spjallað og spáð í spilin.

◆ Hin árlega fræðsluferð 8. bekkjar á Snæfellsnes verður 17. -19. september. Nemendur og fararstjórar gista í aðsöðu Slysavarnarfélagsins Landsbjargar að Gufuskálum sem er á allan hátt hin glæsilegasta. Fólk á vegum Slysavarnarfélagsins mun standa fyrir mikilli dagskrá á fimmtudeginum og má meðal annars nefna rústabjörgun, fjöruferð og hellaskoðun.

◆ Árlegt haustþing kennara á Suðurlandi verður að þessu sinni í Hveragerði 25.-26. september. Kennt verður til klukkan 13, fimmtudaginn 25. september en engin kennsla þann 26.

◆ 23.- 26. september stendur Skólastjórafélag Suðurlands fyrir náms- og fræðsluferð til Skotlands. Frá Hvolsskóla fara í þessa ferð skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.

◆ Sú nýbreytni hefur verið tekin upp í Hvolsskóla að bjóða upp á ávexti í nestistímum. Þessar ávaxtastundir, eins og þær eru kallaðar, fara vel af stað og hafa margir lýst yfir ánægju sinni með þær.

◆ Hinn 10. október næstkomandi verður Hvolsskóli 100 ára. Þann dag fyrir 100 árum var skóli settur í þinghúsi sveitarinnar að Stórólshvoli. Áætlað er, seinna í haust, að halda veglega afmælishátíð auk þess sem starf skólans mun í vetur á margan hátt markast af aldarstarfi skólans. Ef einhver lumar á myndum, skemmtilegum sögum eða öðru sem tengist skólastarfi fyrri ára biðjum við þann hinn sama endilega að hafa samband við okkur.

◆ Við minnum á að hægt er að ná í eða koma skilaboðum til kennara og starfsfólks skólans í síma 488 4240. Ritari tekur við boðum og kemur á framfæri við viðkomandi. Haft verður samband til baka við fyrsta tækifæri. Við minnum einnig á að tilkynna þarf forföll til ritara eða á forfoll@hvolsskoli.is.

Ástæða þess að þetta fréttabréf er sent út með þessum hætti, þ.e. sem dreifibréf auk þess að fara í tölvupósti og birtast á heimasíðu skólans, er sú að við fréttum í dag að nettenging á ákveðin svæði í sýslunni væri í ólagi. Framtíðin verður þó önnur þar sem við erum skóli á grænni grein og munum því senda sem allra mest af upplýsingum út á mentor eða tölvupósti. Við erum þessa dagana að safna upplýsingum um hverjir vilja fá dreifimiða og hverjum nægir að fá upplýsingar í gegnum tölvuna.

*Með bestu kveðjum og ósk um áframhaldandi gott samstarf,
stjórnendur Hvolsskóla*



Við Seljalandsá. Úr vorferð yngsta stigs 2008.